

Minnisblað frá Fuglavernd Til umhverfisráðherra vegna stöðu blesgæsarstofnsins

Vísað er í fund Fuglaverndar með ráðherra síðastliðið sumar, þar sem gerð var grein fyrir alvarlegri stöðu blesgæsarstofnsins, eða þeirrar undirtegundar sem verpur á Vestur-Grænlandi (*Anser albifrons flavirostris, grænlandsblesa*). Á þeim fundi var lagt til að friða blesgæs þegar haustið 2005 en því miður varð ekki orðið við þeirri málaleitan. Fuglavernd ítrekar nauðsyn þess að þegar verði gripið til alfriðunar þessarar fuglategundar á Íslandi og sú heimild í reglugerð sem veitir heimild til veiða á blesgæs verði felld niður fyrir gæsaveiðitímamann haustið 2006. Jafnframt verði skoðað rækilega til hvaða fleiri aðgerða megi grípa til að styrkja stofninn og verði fræðsluáttak hluti af þeim aðgerðum.

Greinargerð

Stofn grænlandsblesu er mjög lítill og er áætlað að hann telji innan við 24.000 fugla nú. Mikil fækkun hefur orðið í stofninum á undanförunum árum og hefur hann minkað mjög ört frá árinu 2000, þegar hann taldi um 35.500 fugla sem raunar var sögulegt hámark stofnsins á 20 öld. Þessi mikla fækkun veldur því að grænlandsblesan er í allnokkurri útrýmingarhættu, samanber viðmið IUCN (endangered/critically endangered).

Grænlandsblesuna er einvörðungu að finna í fjórum löndum í heiminum, Grænlandi, Íslandi, Skotlandi og Írlandi. Á Íslandi er hún fargestur vor og haust og dvelur í um mánuð á landinu. Á vorin hefur hún viðkomu frá miðjum apríl fram undir miðjan maí, en á haustin hefur hún viðkomu frá miðjum september fram í októberlok. Á Bretlandseyjum er hún eingöngu vetrargestur. Varpstöðvarnar eru um miðbik Vestur-Grænlands. Hún er alfriðuð í öllum löndunum utan Íslands og víða hefur verið komið á fót friðlöndum fyrir gæsina. Kunnust þeirra eru Wexford Slobs á Suðaustur-Írlandi og Islay, einni af Innri-Suðureyjum við Skotland. Á Íslandi er svo friðland á Hvanneyri fyrir blesgæsina en önnur friðlönd sem gagnast blesgæsinni eru Pollengi og Oddaflóð á Suðurlandsundirlöndunum. Á tveimur síðastnefndu stöðunum er eftirliti þó mjög ábótavant.

Skotveiðar eru stundaðar í allnokkrum mæli á blesgæsum á Íslandi og hafa að jafnaði verið skotnar hér 3000-4000 blesgæsir ár hvert og hafa farið heldur vaxandi. Veiðiálagið hefur í raun aukist mjög verulega, þar sem hin síðari ár er verið að veiða úr stofni sem fer sí minnkandi. Til viðbótar þessum tölum má gera ráð fyrir að nokkuð sé ábótavant í tölunum, þar sem sumir veiðimenn eiga erfitt með að greina blesgæsir frá grágæsum, sérstaklega ungfuglana.

Hin mikla fækkun í stofninum á undanförunum árum veldur því að stofninn getur engan veginn staðið undir þessu veiðiálagi og verði veiðarnar stundaðar áfram af sama þunga, muni fækkunin halda áfram. Ástæður fækkunarinnar munu vera afkomubrestur á Grænlandi, sem talinn vera aðalástæðan og að viðbættum veiðunum á Íslandi. Afkomubresturinn á Grænlandi kann að vera tímabundið ástand og eru ástæður hans ekki fyllilega ljósar. Sem stendur er þó alveg ljóst að langmikilvægasta eina aðgerðin sem getur orðið til að snúa við þessari óheppilegu þróun er að friða

blesgæsina á Íslandi. Fuglavernd leggur því til að gripið verði til aðgerða sem allra fyrst enda sé ekki mikil tími til stefnu ef að takist eigi að snúa við þessari óheppilegu þróun.

Til að friðunin beri sem mestan árangur gæti einnig verið æskilegt að grípa til fleiri aðgerða til að draga úr afföllum á Íslandi. Nokkrar mikilvægar ráðstafanir er hægt að nota samhliða friðuninni, svo sem:

- 1) **Breyting á veiðitíma gæsa á Vesturlandi.** Breyting á veiðitíma gæsa frá sunnanverðu Snæfellsnesi, um Hnappadal, Mýrar, Borgarfjarðardali og í Hvalfjörð, þar verði gæsaveiðar aðeins heimilar frá 20. ágúst til 15. september. Eftir 15. september er lítið um gæsir að finna á þessu landsvæði utan blesgæsa. Svæðið er utan viðkomustaða heiðagæsa og helsingja, en grágæsir yfirgefa þetta landsvæði að miklu leiti í ágústlok. Einu gæsirnar sem hér er að finna í miklum mæli utan blesgæsa eru margæsir en margæsin er friðuð á Íslandi. Eins og ég sagði í símanum er þetta ónákvæmt, nokkuð af grágæs er fram í október – þennan texta þarf því að milda.
- 2) **Stækkun blesgæsafriðlandsins á Hvanneyri** þannig að það nái til túna og votlendissvæða í Andakíl sunnan Andakílsár. Að friðlandið nái frá Hvanneyri og með bökkum Hvítár útundir og yfir Hvítá, frá gömlu Hvítárbrúnni útundir Borgarnes, um kílómetra breið spilda.
- 3) **Friðun mikilvægra viðkomustaða blesgæsa á Suðurlandsundirlendi á haustin.** Mikilvægustu svæðin eru í Landeyjum, Þykkvabæ, austanverðum Flóa og í uppsveitunum við ármót Hvítár og Tungufljóts. Hér kemur margt til greina en meðal mikilvægra aðgerða mætti nefna friðun Hrútsvatn og Frakkavatns fyrir skotveiðum á haustin um viðkomutíma blesgæsar.
- 4) **Aukið verði eftirlit með gæsaveiðum** í þeim héruðum þar sem blesgæsin hefur viðkomustaði á Vestur- og Suðurlandi
- 5) **Fræðsluátaki verði hrundið af stað** til að fræða þjóðina jafnt sem veiðimenn um mikilvægi friðunar blesgæsar.

Heimildir:

Íslenskar veiðitölur frá Umhverfisstofnun. www.ust.is

Greenland White-Fronted Goose Study. *Report of the 2004/2005 national census of Greenland White-Fronted geese in Britain.* Corrected final report October 2005
Tony Fox & Ian Francis c/o Afdeling for Vildbiologi og Biodiversitet Danmarks
Miljøundersøgelser, Miljøministeriet Kalø Grenåvej 12, DK-8410 Rønne, Danmark.

Tony Fox 2005. *Protection of Greenland White-fronted Geese from hunting in Iceland.* Minnisblað, 2 bls.

Fyrir hönd Fuglaverndar

Einar Ó Þorleifsson
Jóhann Óli Hilmarsson